

15. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA

Fimmtánda fundur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var haldinn þriðjudaginn 20. nóvember 2012 kl. 08:30 í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður og Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sævar Skaptason fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Anna G. Sverrisdóttir fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) .

Frá FMS: Af hálfu Ferðamálastofu sátu fundinn Sveinn Rúnar Traustason og Katrín Gylfadóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt**2. Þriðja yfirferð umsókna**

Farið var yfir breytingar frá síðasta fundi. Sveinn kynnti tillögur sínar að styrkþegurm (tillaga nr. 2) eftir 3 yfirferð umsókna þar sem hann fór nánar ofan í umsóknir sem fóru í gegn eftir síðasta stjórnarfund og kostnaðarþætti í þeim tillögum. Gögn sem hann kallaði eftir eftir síðasta fund höfðu mörg borist og þal. hækkað skor nokkurra umsókna í gæðamati frá tillögu nr. 1.

Stjórn Framkvæmdasjóðsins óskaði eftir að fá nánari upplýsingar frá Ferðamálasamtökum Suðurnesja vegna verkefnisins *Þjónustuhús við Valahnúk Reykjanesi* en þar hafði vantað deiliskipulag eða fullnægjandi samþykki skipulagsyfirvalda sveitarfélagsins fyrir þessu verkefni. Sveinn sagðist hafa haft samband við hann eftir síðasta fund en ekki fengið svör en ætlar að hafa samband aftur.

Stjórn vill gjarnan kynna sér umsókn Grímsnes- og Grafningshrepp vegna Kerhóla betur þó það muni líklega ekki takast fyrir þessa úthlutun.

Stjórn sjóðsins óskar eftir fundi með Hveravallafélaginu og Umhverfisstofnun fljótlega vegna umsókna þeirra til sjóðsins.

Stjórn sjóðsins vill gjarnan sjá betri gögn frá skrifst. ferða- og menningarmála í Seyðisfjarðarbæ.

Guðjón benti á að það væri mikilvægt fyrir sjóðinn að halda utan um þá styrki sem fara í aðgengismál þar sem slíkar upplýsingar gætu skipt máli seinna meir.

Samþykkt var að stjórn sjóðsins fari í kynnisferð til Mývatns einhverntímann á næsta ári.

Annað:

Næsti fundur verður þriðjudaginn 27. Nóvember 2012

Fundi slitið 10:00

Reykjavík 20. nóvember. 2012/Katrín, Sveinn